

Daníel Kristjánsson:

Starfsskýrsla skógarvarðarins  
á Vesturlandi.  
1952.

## Starfsskýrsla skógarvarðarins á Vesturlandi

ár, 1952.

### GIRÐINGAR.

Girt var skógræktargirðing umhverfis Stálpastaðaland í Skorradal um 3,8 km. löng, en Skorradalsvatn girðir á um 2 km. kafla enfremur var ~~Svíkótt~~ við mæðiveikigirðingu á 1. km. svæði. Girðingin er gerð með ~~húspættu~~ neti, einn gaddavirsstreingur undir, og síðast tveir strengir ofan á. Járnstaurar voru notaðir að mestum hluta. Nota varð hesta við flutninga á öllu girðingarefni, en þar er allt brattlent og vont yfirrierðar.

Í Bjarkarlundi í Reykhólasveit var sett upp skógræktargirðing, um 2 km. löng með tilstyrk Skógræktar Ríkisstans, en Barðstrendingafélagið í Reykjavík annaðist alla vinnu á sinn kostnað, og var það hinn ötuli áhugamaður Jón Hákonarson gestgjafi í Bjarkarlundi, er annaðist framkvæmdir allar og vann verkið að mestu, en hann andaðist í sumar. Fullnaðar upplýsingar um girðinguna eru ekki fyrir hendi.

Í landi Jafnaskarðs hefir Friðrik Þorsteinsson forstjóri, girt á eigin kostnað 20 ha. ~~Í~~ landi er hann hyggst planta í ~~bar~~ plöntum á næstu árum.

Viðhald girðinga er mikið og hefir á þessu ári orðið að vanrækja viðhald ymsra girðinga sökum fjarskorts.

### Gróðursetning.

Á vegum skógræktarinnar var gróðursett í vor, sem meðfylgjandi tafla sýnir, en af því plöntumagni er þar greinir gróðursetti Iðnaðarmannafélagið í Borgarnesi endurgjaldsslaust það sem sett var í Munaðarnesgirðinguna. Mikið af plöntum var gróðursett auk þess hér greinir, af einstaklingum og félagssamtökum og eykts nú mikið framboð af sjálfboðavinnu félagasamtaka við gróðursetningu, en ekki hætt að nýta þá möguleika nema að litlu leyti, sökum skorts á plöntum og hagkvæmun girðingum.

Skýrsla um gróðursettningu.

*Þakkað F. Þorgeir*

Rauðgreni-Hvítgreni-Bláugreni-Hjallapöll-Lerki (Adcang) - Sitka-Sitka-Skógarf	6000	250	3000	
Stálpastaðir:	4000	1000	370	2000
Jafnaðkarö :	1000			12000
Munaðarnesg :	250		100	1500
Ytra- Fell :			75	1000
Hvammí, Skorrak:			5000	
Snoðriastaða og Jörfagirðing				1000
Ýmsar girðingar:				1500

.....  
.....

## SKÓGARHÖGG.

Grisjað var allmikið í Stálpastaðahlíð, er þar allþéttur kjarrskógur er verður að grisja áður en plantað er. Enfremur var grisjað í Jafnaskarði.

## GRÆÐIREITUR.

Úr græðireitnum við Hreðavatn voru teknar 2000 skógarfurur 3/0, og plantað á ýmsum stöðum, mest í Jafnaskarðsskóg. Á næsta vori verður hægt að taka 25 til 30 þús. af furu 3/0 og 4/0. Í reitnum eru, auk þess er að ofan greinir: 2000 lerki 2/1 skógarfura 2/0 í 30 m<sup>2</sup>, birki 2/0 í 40 m<sup>2</sup>, mjög lélegt, og 200 asparstikil. Þá eru í reitnum 7000 plöntur stórar, ýmissa tegunda, er aðrir eiga samkvæmt þar um gefnum samningi.

Sáð var eftirgreindu magni:

1.5 kg. Skógarfurufræ, Strönd, Hamaroy N. Noreggur, sáð í 60 m<sup>2</sup>, spýraði nælega ekkert.

0.5 kg. Hvítgrenifræ, Lawing, Alaska. Sáð í 20 m<sup>2</sup>, spýrun ekki góð.

250 gr. Sitkagrenigræ frá Max Seol, Alaska, sáð í 9 m<sup>2</sup>

Birkifræ í 35 m<sup>2</sup>. Fræið spýraði all vel. Þurrkar ollu tjóni á saðbeðum og smærri plöntum í græðireit.

## Laufgun og laffall.

Skógur lafgaðist ekki að ráði fyrr en upp úr 10. júní, og lauffall varð úr 10. sept. Fræar í meðallagi.

## Tíðartar.

Vetur frá áramótum nokkuð snjóbungur, en frost ekki mikið. Voraði síðast í apríl og víða fóru að þrutna þrum á trjam í gördum. Í maí gerði aftaka kulda og var frost á hverri nóttu allt til 7. júní. Kom mikill kirkingur í allan gróður, einkum urðu tré í gördum hart úti, og voru mörg tré blaðlaus í sumar af völdum voru kulda. Fraus 24. ágúst svo að kartöflugras féllu. Sumarið mjög þurrviðrasamt. Maustið milt, og vetur allt til áramóta.

## Ferðalög.

Ég var um 200 daga fjarverandi í erindum skógræktarinnar. Var ég ofi á Stálpastöðum, en þar voru aðal framkvæmdirnar á þessu sinni. Auk þess skrifaði ég mörg bréf og svaraði fyrirspurnum. Helztu ferðalög voru þessi:

27 og 28 apríl fór ég að Hvammi í Dölum og mætti þar á fundi.

10 maí mætti ég á fundi skógræktariél. Heiðsynninga á

Snæfellsnesi.

11. maí mætti ég á fundi í skógræktariél. Stykkishólms og flutti þar erindi.

11. júní fór ég eftir beiðni skógræktarfélag. Heiðsynninga og leiðbeindi með gróðursetningu: Dalsmynni Eyjahreppi. Breiðabliki Miklaholtshr. og Staðarstað í Staðarsveit, um 40 manns tóku þátt í gróðursetningunni, undir minni stjórn þennan dag.

17. júní fór ég eftir beiðni skógræktarfélag. Dalamanna vestur að Þverfelli í Saurbæ í Dalasýslu, en þar hefir skógræktarfélag. Dalamanna girt 10500 m<sup>2</sup> landsvæði í kjarri vaxinni hlið. Þarna mættu um 300 manns og stjórnaði eg gróðursetningunni, og flutti erindi. Gróðursettar voru 5000 plöntur.

24. júní fór ég með þrjá menn að Ytrafelli í Dalasýslu.

Gróðursettar voru 1100 plöntur í skógræktargirðinguna þar.

18. og 19. sept. fór ég vestur í Búðarhraun og athugaði girðinguna þar.

25. sept. fór ég að Hjarðarholti í Dölum.

14. nóv. fór ég vestur í Jörtafirðingu.

27. nóv. fór ég ásamt skógræktarstjóra á fund í skógræktarfélag.

Heiðsynninga er haldann var að Vegamotum.

27. maí tók eg á mótum átta Norðmönnum er dvöldu í minni umsjá á vegum skógræktarfélag. Borgfirðinga til 6. júní. Norðmennirnir gróðursettu 8000 plöntur, mezt í Skorradal. Eg ferðaðist mikið um Borgarfjörð með þá, og sýndi þeim hið markverðasta, er þar var að sjá.

4. okt. Tók eg á mótum þýzkum greifa, sem er skógræktarmaður og ferðaðist víða um með tilstyrk skógræktar ríkissins. Fór eg víða um Borgarfjörð með honum og til Reykjavíkur komum við 7. okt.

Auk þeirra ferðalaga er að ofan greinir fór ég til Reykjavíkur, og margar ferðir um Borgarfjarðarháland til leiðbeininga og á fundi, meðal annars hef ég annast um gróðursetningu við Hvanneyrarskóla, Varmalandsskóla, og í Snorragarði í Reykholti. Margar beiðnir hafa komið til mín frá ýmsum skógræktarfélagum í Vestfirðum, um þá mæta á fundum og leiðbeina um eitt og annað í sambandi við skógrækt, en fáu verið sinnt. Þá hafa margar einstaklingar og félagasamtök óskað eftir margvíslegri fyrirgreiðslu varðandi skógræktarmál.

1. jan. 1953

Skógræktarstjóri í Vestfirðum

Daniel Kristjánsson